



Héraðssambandið Skarphéðinn

Engjavegi 48, Selfossi - Sími 482 1189 - Fax 482 2909
Netfang: hsk@hsk.is - Veffang: www.hsk.is

Selfossi 21. september 2015

Sveitarfélög á sambandssvæði HSK

Efni: Heimildarmynd um Landsmót UMFÍ á sambandssvæðinu, ósk um kaup á diskum

HSK vinnur að gerð heimildarmyndar um Landsmót UMFÍ sem haldin hafa verið á sambandssvæði HSK. Mótin sem um ræðir eru mótin í Haukadal árið 1940, í Hveragerði árið 1949, á Laugarvatni árin 1965 og 1994 og á Selfossi árin 1978 og 2013.

Mikilvægt er að þessum menningararfi sé haldið til haga með gerð kvikmyndar, þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd mótanna og hversu gífurlega miklu máli þau skiptu fyrir héraðið og ekki síst vegna þeirrar uppbyggingar sem átti sér stað í aðdraganda mótanna.

Marteinn Sigurgeirsson kvikmyndagerðarmaður frá Selfossi sér um öflun myndefnis. Hann mun fá lánað gamalt myndaefni sem er til frá flestum mótunum og þá hefur hann einnig tekið upp nýtt efni. Jón M. Ívarsson sagnfræðingur hefur tekið að sér að gera texta sem lesinn verður og verður Samúel Örn Erlingsson þulur.

Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í haust, en í ár eru 75 ár síðan Landsmót UMFÍ voru endurvakin með landsmótinu í Haukadal árið 1940 og þá eru 50 ár síðan hið fræga Landsmót á Laugarvatni var haldið.

Með þessu bréfi er óskað eftir þátttöku sveitarfélaga á sambandssvæðinu í þessu verkefni. Óskað er eftir að sveitarfélögin kaupi fimm diska að upphæð 30.000 kr. Hluti af fjárhæðinni er hugsaður sem styrkur.

Vonast er til að öll sveitarfélögin á sambandssvæðinu hafi tök á því að taka þátt.

Kærar kveðjur,
f.h. stjórnar HSK

Engilbert Olgeirsson,
framkvæmdastjóri.

Guðrún E Gunnarsdóttir

From: Sveitarstjóri Flóahrepps
Sent: 13. desember 2018 08:16
To: Guðrún E Gunnarsdóttir
Subject: FW: Ósk um styrk og kaup á heimildarmynd um landsmót
Attachments: bréf til sveitarfélaga v. heimildarmyndar 2015.doc; fjárhagsstaða v. heimildarmynd_uppfært des 2018.xlsx

SF_214 tölvupóstur og viðhengi

From: Engilbert Olgeirsson
Sent: 12. desember 2018 15:49
To: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>
Subject: Ósk um styrk og kaup á heimildarmynd um landsmót

gæta sveitarstjórn Flóahrepps

Nú hefur HSK lokið við gerð heimildarmyndar um Landsmót UMFÍ á sambandssvæði HSK. Árið 2015 sendi HSK bréf til sveitarfélaga á sambandssvæðinu með ósk um styrk við verkefnið og kaup á mynddiskum.

Erindi HSK (sjá meðfylgjandi) var tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 7. október 2015. Sveitarstjórn ákvað að „fresta afgreiðslu á erindinu þar til fyrir liggja nánari upplýsingar um fjármögnun verkefnisins.“, eins og segir í bókun frá umræddum fundi.

Rétt er að geta þess að önnur sveitarfélög á sambandssvæðinu hafa nú tekið ákvörðun um að styrkja verkefnið.

Vonast er til að Flóahreppur taki þátt í þessu verkefni með okkur, með 30.000 kr. framlagi og með fylgja fimm eintök af mynddisknum.

Þar sem óskað var eftir upplýsingum um fjármögnun verkefnisins, þá fylgja með pósti þessum umbeðnar upplýsingar.

Eff eitthvað er óljóst, þá veitir undirritaður nánari upplýsingar.

Kærar kveðjur,
f.h. stjórnar HSK,
Engilbert Olgeirsson,
framkv.stj. HSK
s. 899 6514

Heimildarmynd um Landsmót UMFÍ á Suðurlandi

	staða 12.12. 2018		
Tekjur	Kr.		
Framlag frá Verkefnasjóði UMFÍ	250.000		
Framlag frá Menningarráði Suðurlands	250.000		
Framlag frá sveitarfélögum	300.000		
Sala á diskum til 12.12 2018	388.000		
Framlag HSK, bókfært fyrir 2018	350.000		
Samtals	1.538.000		
Gjöld			
Gerð heimildarmyndar	1.325.000		
Fjölföldun á DVD diskum	226.969		
Annar kostnaður við verkefnið	188.223		
Samtals	1.740.192		
Mismunur	202.192		
Framlag HSK, bókfært í ár	202.192		
Nánar			
Búið er að greiða allan kostnað við verkefnið			
HSK hefur greitt 350.000 í verkefnið (bókfært á fyrri ár)			
HSK mun fjármagna verkefnið			
Í dag vantar 202.192 kr., verður eitthvað lægri tala,			
en gera má ráð fyrir að fleiri diskar seljist			

Héraðssambandið Skarphéðinn

From: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>
Sent: 13. október 2015 13:52
To: 'Héraðssambandið Skarphéðinn'
Subject: RE: bréf frá HSK, ósk um samstarf

Sæll Engilbert

Sveitarstjórn Flóahrepps tók erindið þitt fyrir á 162. fundi sínum dags. 07.10.2015.

Eftirfarandi var bókað:

**„Erindi frá HSK – styrkbeiðni vegna útgáfu heimildarmyndar
Lagt fram erindi frá Engilbert Olgerissyni f.h. HSK þar sem farið er fram á styrk kr. 30.000 vegna
framleiðslu á heimildarmynd um Landsmót UMFÍ á sambandssvæðinu.
Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á erindinu þar til fyrir liggja nánari upplýsingar um fjármögnun
verkefnisins.
Samþykkt með 5 atkvæðum“**

Eydis Þ. Indriðadóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps

Flóahreppur
Þingborg
800 Selfoss
www.floahreppur.is
floahreppur@floahreppur.is
Sími: 480 4370

From: Héraðssambandið Skarphéðinn [<mailto:hsk@hsk.is>]

Sent: 21. september 2015 10:36

To: Ásahreppur <asahreppur@asahreppur.is>; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>; Ingibjörg Harðardóttir | Sveitarstjóri GOGG <gogg@gogg.is>; Hrunamannahreppur <hruni@fludir.is>; Móttaka Hveragerði <mottaka@hveragerdi.is>; Hvolsvöllur Rangárþing eystra <hvolsvollur@hvolsvollur.is>; Rangárþing ytra <ry@ry.is>; skeidgnup@skeidgnup.is; Sveitarfélagið Árborg <radhus@arborg.is>; olfus@olfus.is

Subject: bréf frá HSK, ósk um samstarf

Ágæta forystufólk sveitarfélaga á sambandssvæði HSK

Hér er bréf frá HSK vegna heimildarmyndar um landsmót UMFÍ. Vonast er til að sveitarfélögin geti tekið þátt í þessu með okkur.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar um verkefnið.

Bestu kveðjur,
Engilbert Olgeirsson
Frankv.stj. HSK